

Almennir skilmálar

um miðlun og afnotarétt á landfræðilegum upplýsingum og gögnum Landmælinga Íslands.

1. gr.

Almennt ákvæði.

Landmælingar Íslands (LMÍ) varðveita og framleiða landfræðilegar upplýsingar (gögn) um Ísland. LMÍ veita aðgang að þessum upplýsingum og taka enn fremur að sér sérhæfða þjónustu fyrir viðskiptavinum á grundvelli laga nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð.

2. gr.

Gjaldskrá.

Aðgangur að stafrænu efni og birtingu þess er gjaldfrjálst nema annað sé tekið fram. LMÍ innheimta gjöld af sérhæfðri þjónustu á fagsviðum stofnunarinnar samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.

3. gr.

Höfundaréttur.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem LMÍ hafa öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti ákvæði höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

4. gr.

Afnotaréttur.

Öllum er frjálst að miðla gögnum LMÍ áfram og nota þau við gerð á eigin efni.

5. gr.

Áletrun.

Gögn sem eiga uppruna sinn að rekja til gagna sem stafa frá LMÍ skulu merkt á eftirfarandi hátt:

© **Landmælingar Íslands** nema þegar LMÍ fara fram á að áletrun sé ekki látin standa. Þegar fleiri en einn aðili eiga höfundarétt að endanlegri útgáfu kortagagna skal samráð haft við LMÍ um það hvernig merkja skuli gögn sem stafa frá stofnuninni.

6. gr.

Útgáfu- og birtingarleyfi.

Sá sem hyggst dreifa, birta, gefa út eða endurprenta efni frá LMÍ og nýtur höfundaréttar ríkisins, skal sækja um útgáfu- og birtingarleyfi til stofnunarinnar. Sama gildir um notkun á afleiddu efni sem byggt er á efni LMÍ. Í umsókninni skal meðal annars koma fram hvar fyrirhugað er að birta efnið. Sem staðfesting á umsókn veita LMÍ notanda númerað birtingarleyfi án endurgjalds.

7. gr.

Riftun.

Ef um er að ræða alvarleg eða endurtekin brot viðskiptavinar á skyldum sínum skv. samningi, skilmálum og/eða fylgiskjöllum er LMÍ heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust án þess að það hafi nokkur áhrif á bótarétt stofnunarinnar vegna slíks brots.

8. gr.

Ábyrgð.

LMÍ bera enga ábyrgð á því hvort afhent efni hentar til þeirra nota sem viðskiptavinur ætlast til. Öll gögn eru afhent eins og þau eru á hverjum tíma í gagnasöfnum LMÍ þegar afhending fer fram. Viðskiptavininn er kunnugt um að gæði gagnanna eru mismunandi eftir uppruna bæði hvað varðar nákvæmni og áreiðanleika og bera LMÍ ekki ábyrgð á afleiðingum sem hljótað kunna af því. LMÍ eru því ekki ábyrgar fyrir beinu eða óbeinu tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna notkunar gagna frá LMÍ eða afleiddra gagna nema að því marki sem kynni að falla undir lög um skaðsemissábyrgð nr. 25/1991. Að öðru leyti undanþiggja LMÍ sig tjóni að því marki sem lög leyfa. Vegna aðgerða íslenskra stjórnvalda til að koma í veg fyrir akstur utan vega og við að takmarka eða koma í veg fyrir umferð á ákveðnum svæðum landsins þá taka LMÍ það fram að notendur afhentra gagna bera sjálfir ábyrgð á að fylgjast með því ef og þegar vegum og slóðum er lokað tímabundið eða að fullu fyrir almennri umferð. Slíkar aðgerðir stjórnvalda ganga alltaf lengra en upplýsingar um vegi og slóða í gagnagrunnum LMÍ á hverjum tíma.

9. gr.

Varnarþing.

Komi upp ágreiningur milli aðila vegna túlkunar einstakra ákvæða skilmálanna skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

23.janúar 2013/3